

AÐALFUNDUR 2016



Aðalfundur HEILAHEILLA sunnudaginn 28. febrúar kl.13:00 Sigtúni 42 Rvík..

Dagskrá aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar félagsins.
2. Framlagðir reikningar til samþykktar.
3. Lagabreytingatillögur bornar upp til afgreiðslu.
4. Kosning stjórnar.
5. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga.
6. Fjárhagsáætlun borin upp til samþykktar.
7. Kosning fulltrúa ráð og nefndir.
8. Önnur mál.

Kosið verður um einn stjórnarmeðlim í núverandi stjórn er situr til aðalfundar 2017.

Borist hefur stjórn breytingartillaga um 5. gr. um skipun stjórnar og hljóðar svo:

Stjórn félagsins skal skipuð fimm félagsmönnum: formanni, ritara og gjaldkera, auk tveggja varamanna. Formaður skal kosinn sérstaklega til þriggja ára, en ritari, gjaldkeri og varamenn til tveggja ára. Ritari gegnir formennsku í forföllum formanns. Varamenn taka þátt í stjórnarfundum.



Greinargerð:

Samkvæmt 8. gr. tekur aðalfundur einn ákvörðun um lagabreytingar, er hafa borist stjórn félagsins a.m. k. mánuð fyrir aðalfund. Með breytingunni á 5. grein fækkar stjórnarmönnum frá 8 í 5. Á undanförunum árum hefur stjórn félagsins verið skipuð vel völdu stjórnarfólki er lagt hefur ómælda vinnu við að móta starf félagsins, og verið marktækur málssvari slagpolenda, aðstandenda og

fagaðila gagnvart þeim er láta sig málefni þess varða. Félagið er komið í fastara form. Þetta ákvæði auðveldar störf stjórnar og það skal tekið fram að það tekur ekki gildi fyrr en á aðalfundi 2017, þar sem allir núverandi stjórnarmenn hafa umboð til þess fundar.

Skýrsla formanns

Hægt er að sjá starfsemi félagsins á á heimasíðunni fyrir s.l. ár!

Innra starf:

Starf félagsins hefur verið í blóma frá aðalfundi 2015. Fyrir utan sína "laugardagsfundi" (1. laugardag hvers vetarmánaðar þar sem þekktir listamenn og einstaklingar koma fram og leika listir sínar. Þá er það með sitt opna hús fyrir slagpolendur og aðstandendur á mánuðögum (*málstol*) og þriðjudögum (*allir*) í aðstöðu sinni að Sigtúni 42, Reykjavík frá kl.13-15 svo og á Greifandum á Akureyri, 2. þriðjudag hvers vetarmánaðar kl.18-19. Þá hefur félagið einnig haft viðveru einu sinni í viku, rætt við sjúklinga og kynnt starfsemi sína á taugadeild Landspítala B-2.

Ytra starf:

Félagið er aðili að ÖBÍ og hefur haft fulltrúa sinn þar í aðalstjórn. Hefur félagið fengið styrki frá bandalaginu og fulltrúi félagsins, Axel Jespersen, tekið þátt í fundum þess og ráðstefnum. Þá hefur félagið verið í sambandi við SAMTAUG, (Samstarfshóp taugasjúklingafélaga: Félag MND – sjúklinga; Heilaheill; LAUF – Landssamtök áhugafólks um flogaveiki; MG – félag Íslands; MS – félag Íslands og Parkinsonsamtökin á Ísland) og setið alþjóðlega ráðstefnu Frumtaka árið 2016 í Hörpu um lyfjamálum lyfjaumhverfi taugasjúklingafélaga hér á landi. Þá er félagið í góðu samstarfi við Hjartaheill og eru m.a. í GO RED sem er alþjóðlegt átak er varðar hjartasjúkdóma, er leiða m.a. til slags. Anna Sigrún Baldursdóttir hefur verið fulltrúi félagsins í því átaki.



Afmæli félagsins:

Hélt félagið upp á 20 ára afmæli sitt 2. maí s.l. á Grandhótel. Eftir setn-

ingu formannsins kom Ellen Calmon formaður ÖBÍ og flutti félaginu góðar kveðjur og hélt fyrirlestur um baráttumál bandalagsins. Í lokin færði hún félaginu gjafakort og Þór G. Þórarinsson sérfræðingur í velferðarráuneytinu tók til máls og flutti erindi um mikilvægi þess að frjáls félagasamtök eins og HEILAHEILL væru í góðu saskiptum við innlend og erlend félög af sama toga. Þá kom Elías Ólafsson, taugalæknir og yfirmaður taugadeildar Landspítalans B-2 og ávarpaði fundarmenn.

Akureyri:

Fyrir utan hið blómlega starf sem er á Akureyri þá var einnig afmælissfundur HEILAHEILLA þar laugardaginn 16. maí á Hótel KEA þar sem þau hjónin Hjalti Jónsson og Lára Sóley sungu og spiluðu fyrir gesti.



Erlent samstaf:

Heilaheill er aðili að samtökunum SAFE (*Stroke Alliance For Europe*) er samanstendur af 47 ríkjum Evrópuráðsins. Þórir Steingrímsson, Baldur Kristjánsson og Þór G Þórarinsson sóttu aðalfund samtakanna í Warsaw í Nóvember 2015 og kynntust nýjungum á sviðið endurhæfingu eftir slag. Situr formaðurinn, Þórir Steingrímsson, í stjórn þessara samtaka til ársins 2017. Þá hefur SAFE haldið úti sérstökum norrænum hópi er kallar sig *Slagforeningerne i Norden* og hafa fulltrúar félagsins Páll Árdal og Þórir Steingrímsson sótt árlegar ráðstefnur víðs vegar um norðurlöndin. Þá er félagið líka aðili að *Nordiske Afasiráðed* og sóttu þeir Þórir og Axel Jespersen stjórnarfundum þess.

Útgáfa:

Á árinu gaf félagið út blað er ber nafnið "Slagorð" og var því dreift til félagsmanna, stuðningsmanna fyrir-tækja og stofnanna.

Þórir Steingrímsson,
form.